

## Umsögn frá LS í samráðsgátt stjórnvald

*Drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum  
á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.)*

8. mars 2021

### I. kafli – breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Landssamband smábátæigenda (LS) telur þær breytingar sem lagðar eru til í kaflanum vera til bóta.

2. gr. varðar rafræna aflaskráningu með snjallsímaforriti.

LS leggur til að eftirfarandi verði bætt við 1. ml.:

*„sem Fiskistofa leggur þeim til endurgjaldslaust.“*

Með tillögunni er verið að leggja áherslu á að Fiskistofa haldi utan um allt ferlið og því eðlilegt að stofnunin kosti að öllu leiti forritið. Jafnframt yrði þar viðurkennt mikilvægi þess vísindastarfs sem sjómenn leggja að mörkum með samvisskusamlegri skráningu.

3.gr. Varðar dagsektir. Tekið verði tillit til stærð skipa.

1. ml. 2. mgr. orðist svo:

*Dagsektir skulu nema 30.000 kr. fyrir hvern byrjaðan dag  
fyrir skip 15 m og lengri en 10.000 fyrir skip styttri en 15 metrar.*

Jafnframt leggur LS til sambærilega breytingu varðandi hámark sekta í lok 2. mgr. Þar leggur LS til sambærilega breytingu:


*Dagsektir geta hæstar orðið 1.500.000 kr fyrir skip 15 m  
og lengri en 500.000 fyrir skip styttri en 15 metrar.*

Þar sem hér er fjallað um lög um umgengni um nytjastofna sjávar þykir LS við hæfi að benda á vandkvæði sem geta skapast við að landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

*„Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðið veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.“*

Í hönd fer grásleppuvertíð. Árið 2013 er fyrsta árið sem markaðurinn tók við frosinni hrognalausri grásleppu (búk). Frá þeim tíma hefur öll grásleppa skilað sér í land. Fyrir þann tíma var grásleppan skorin um borð í bátunum, hrogn losuð úr henni og búkurinn skilinn eftir á miðunum.

Í ár ber svo við að Kínverjar sem keypt hafa frosna grásleppu munu ekkert kaupa. Allt sem afgreitt var til þeirra í fyrra er þar í frystigeymslum og bíður þess að Covid-19 verði komið á það stig að dreifing verði heimiluð. Svigrúm þarf að vera fyrir hendi í lögunum sem kemur til móts við stöðu sem þessa, þar sem umtalsverður kostnaður leggst á við löndun og það sem við tekur. Markaður er fyrir hrognin en ekki búkinn. Útflutningsverðmæti árið 2020 nam hálfum milljarði og magnið var 2.600 tonn.



## II. kafli – breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Á við 13., 17. og 18. gr.

LS lítur svo á að frumvarpið boði ákveðna stefnubreytingu, sem felst í auknu svigrúmi til að milda refsingu við brot. Í stað atvinnumissis – svipting veiðileyfis – komi leiðbeinandi viðvörðun eða stjórnvaldssekt eftir því sem við á. Jafnframt að áminning gildir ekki útfyrir gröf og dauða. Fimm ára skilorð þykir LS vera of langur tími og leggur til að sá rammi verði lækkaður í þrjú ár.

Stjórnvaldssektir að lágmarki 25.000 og að hámarki 50 milljónir. Upphæð sekta er háð mati Fiskistofu á eðli brota. Grundvallarsjónarmið við slíkt mat verður þó alltaf að taka mið af 12. gr. stjórnsýslulaga 37/1993.

### Meðalhófsreglan.

*Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.*

Á við 14. og 15. gr.

LS hefur um langt skeið haft áhyggjur af mikilli samþjöppun í sjávarútvegi. LS hefur varað við henni og bent á afleiðingar sbr.

- fábreytt útgerðarform
- aukin kerfislæg áhætta
- einokun

LS lítur svo á að frumvarpið muni gera leikreglur skýrari og upplýsingar um eignaraðild fyrirtækja ljósari, jafnframt er skerpt á ákvæðum um framkvæmd og inngríp Fiskistofu. LS styður þessi áform.

LS vekur athygli á að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að hægt verði á samþjöppun sem verði hefur í sjávarútvegi enda kannski ekki tilgangur þess.

Í frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, „tengdir aðilar“ sem var til vinnslu í febrúar 2020 var ákvæði sem veitti aðilum, sem færu með nýjum lögum yfir hámarksaflahlutdeild, aðlögunartíma til 1. september 2027 til að verða innan þeirra marka sem lögin kvæðu á um. LS telur óhjákvæmilegt að með frumvarpinu fylgi greinargerð þar sem sérstaklega verði fjallað um áhrif þess m.t.t. fyrirtækja sem fara yfir aflahlutdeildamörkin. Eftir því sem best verður séð hafa þau fyrirtæki aðeins sex mánuði til að komast undir hámarkið. LS telur þann tíma óraunhæfan og minnir á að við setningu sambærilegs ákvæðis við króakaflahlutdeild var fresturinn fjögur ár.

16. gr.

Ítrekað er nauðsyn þess að skilja að stærri og minni skip. Sektorupphæðir skipa styttri en 15 metrar verði þriðjungur þess sem kveðið er á um.

### III. kafli – breyting á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Vísað í áðurframkomnar athugasemdir varðandi stjórnvaldssektir.

### VI. kafli – breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

42. gr., hluti aths. á einnig við 43. gr.


Í greininni er eftirlitsmönnum Fiskistofu veitt heimild til að nýta fjarstýrð loftför við eftirlitsstörf. Spyrja má hvort greinin sé ekki óþörf þar sem stofnunin hefur þegar hafið eftirlit með slíkum hætti og sent frá sér bréf sem innihalda ásakanir um meint brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar! LS gagnrýnir harðlega slík vinnubrögð sem samkvæmt greininni á sér enga lagastoð.

Efni greinarinnar er þess eðlis að fara verður afar varlega svo ekki sé gengið of nærri persónulegum aðstæðum hvers og eins, þar með taldar vinnsla upplýsinga sem fást við eftirlit. Samkvæmt reglum um rafrænt eftirlit 837/2006 skal þess gætt að að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. „Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.“, eins og segir í skýringum með greininni.

Jafnframt er þar vakin athygli á að rafrænt eftirlit megi fara fram með leynd ef það styðst við skýra lagaheimild eða dóm.

LS vill taka skýrt fram að hér er á engan hátt verið að leggjast gegn auknu eftirliti, en við þá aðferð sem hér er lögð til verður að stíga varlega til jarðar

Virðingarfyllst

  
Arthur Bogason formaður

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri